

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXV. árgangur.

4. hefti.

1995

Nr. 346/1995.

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Gísli Örn Lárusson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Försäkringsaktiebolaget Skandia Nord

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 17. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 20. september 1995, þar sem krafa varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna var tekin til greina gegn andmælum sóknaraðila. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og synjað um umbeðna dómkvaðningu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í beiðni varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna er greint frá því, að hann hafi höfðað dómsmál á hendur sóknaraðila fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann telji nauðsynlegt að fá umbeðna matsgerð til að upplýsa öll atvik þess máls og einnig til að afla álits sérfróðra matsmanna „á þeim þáttum, sem kunna að skipta máli“, svo sem í matsbeiðni segir, en á þeim grunni óskar varnaraðili eftir mati dómkvaddra manna á þeim atriðum, sem er greint frá í hinum kærða úrskurði.

Ljóst er af því, sem að framan segir, að varnaraðili leitar umbeðinnar matsgerðar til sönnunar í dómsmáli, sem hefur þegar verið höfðað. Geta þá þau atvik, sem er getið í 3. mgr. 46. gr. eða verða leidd af 1. mgr. 61. gr., sbr. 2. og 3. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991, staðið því í vegi, að matsmaður verði dómkvaddur eftir kröfu málsaðila. Koma verður í hlut dómarans, sem fer með mál aðilanna, að leysa úr, hvort slík atvik séu fyrir hendi, svo sem leiða má af meginreglu 1. mgr. 47. gr. laga nr. 91/1991.

Hinn kærði úrskurður ber með sér, að fyrir héraðsdómi var farið með beiðni varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna eins og ef dómsmál væri ekki þegar rekið á milli aðilanna, en um öflun sönnunargagna við þær aðstæður gilda ákvæði XII. kafla laga nr. 91/1991. Ljóst er af 1. mgr. 77. gr. laganna, að þar greindum aðferðum til gagnaöflunar verði því aðeins beitt, að krafa vegna matsatriðis sé ekki þegar höfð uppi í dómsmáli. Fyrir öflun matsgerðar af þessum toga gilda önnur skilyrði en ef hennar er leitað undir rekstri dómsmáls.

Samkvæmt framangreindu hefur matsbeiðni varnaraðila ekki hlotið þá meðferð fyrir héraðsdómi, sem boðin er í lögum. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. september 1995.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar föstudaginn 8. september sl., var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 30. júní 1995 með framlagningu matsbeiðni.

Matsbeiðandi er Försäkringsaktiebolaget Skandia Nord, Sveavägen 44, Stokkhólmi, Svíþjóð, en matsþoli er Gísli Örn Lárusson, Sóleyjargötu 1, Reykjavík.

Krafa matsbeiðanda er sú, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til þess að skoða og meta eftirtalin atriði:

1. Hvert var sannvirði, þ. e. eðlilegt söluverð, þeirra 4.505 hluta í Vá-

tryggingafélaginu Skandia hf., sem matsbeiðandi keypti í raun af matsþola með samningi aðila 29. desember 1992?

2. Hvert er 60% af verðmæti 4.505 hluta matsþola í Vátryggingafélaginu Skandia hf. og dótturfélögum þess (þá Reykvísk trygging hf. og dótturfélög) 31. desember 1991, nánar tiltekið, hvert er 60% af þeirri fjárhæð, sem greiða bæri fyrir hluti þessa samkvæmt reiknireglunni í tl. 7.4. í samningi aðila frá 26. júní 1991, sbr. og tl. 10.2. í sama samningi miðað við tilgreindan dag?
3. Hefur verðmæti ráðningarsamnings matsþola við Vátryggingafélagið Skandia hf. frá 26. júní 1991 verið greitt að fullu við starfslok hans með þeim 3.000.000 kr., sem hann fékk greiddar samkvæmt samningnum frá 29. desember 1992? Ef ekki, hver er þá að mati matsmanna eðlileg greiðsla til hans vegna starfslokanna að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar, að matsþoli hefur fengið 3.000.000 kr. fyrir tímabilið 1. janúar 1993 til 31. desember 1997 án þess að þurfa að láta af hendi neitt vinnuframlag og hefur átt þess kost að afla tekna annars staðar frá á tímabilinu?

Pegar málið var tekið fyrir 30. júní sl., mótmælti lögmaður matsþola því, að dómkvaðning færi fram, þar sem verið væri að biðja um mat á kröfum Gísla Arnar Lárussonar, en þær kröfur hefðu ekki verið hafðar uppi í því máli, sem rekið er milli sömu aðila og matsmál þetta, og að Gísli Örn Lárusson hefði forræði á þeim kröfum. Þá mótmælti lögmaðurinn matsbeiðninni efnislega, þar sem forsendur þær, er matsmenn skuli reisa mat sitt á, standist ekki. Kröfur matsþola eigi undir gerðardóm.

Matsbeiðandi kvaðst hafa brýna hagsmuni af því að fá matsgerð dómkvaddra matsmanna um matsefnin, og þau séu hluti af úrlausnarefnum í ágreiningi aðila.

Munnlegur málflutningur fór fram um ágreiningsefnið 8. september sl., og var málið síðan tekið til úrskurðar.

Af hálfu beggja aðila var gerð sérstök krafa um málskostnað við munnlegan flutning málsins.

Forsendur og niðurstaða.

Um matsgerðir er fjallað í IX. kafla l. nr. 91/1991, gr. 60.–66. Í lögnum er ekki að finna neinar efnislegar takmarkanir á því, hvað verður metið, að því frátöldu, að í 2. tl. 60. gr. segir, að dómari leggi sjálfur mat á atriði, sem krefjist almennrar þekkingar og menntunar eða lagaþekkingar.

Með hliðsjón af því, að hvorki hefur verið sýnt fram á, að matsbeiðandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af því, að umbeðið mat fari fram, né heldur, að slíkt mat gangi þvert á lögvarða hagsmuni matsþola, þykir rétt að verða

við kröfu matsbeiðanda. Er þá jafnframt litið til þess, að matsbeiðni þessi er lögð fram í sérstöku matsmáli og stendur þannig ekki í beinum tengslum við dómsmál það, sem hér að framan er getið, og verður ekki skorið úr því hér, hvort atriði þau, sem beðið er um, að metin verði, tengist kröfugerð aðila í því máli eða að slíkt mat komist að sem sönnunargagn í því máli.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hin umbeðna dómkvaðning matsmanna skal fara fram.

Málskostnaður fellur niður.
